

Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

Nóvember 2016

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarstjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í nóvember:

Nóvember hefur ekkert gefið eftir hvað er til og annir varðar. Mánuðurinn byrjaði á vinnufundi með sveitarstjórn vegna fjárhagsáætlunar en fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2017 fór fram þann 8. Nóvember. Ljóst er að skipta þarf um bókhaldskerfi þar sem engin þjónusta er lengur við það kerfi sem notað hefur verið undanfarin ár. Við höfum verið að skoða kerfi og varð niðurstaðan sú að fá til okkar í heimsókn fulltrúa frá DK en þeir komu í upphafi mánaðar og fórum yfir kerfið og þjónustuna sem þeir bjóða og var það í takt við væntingar okkar. Töluverð vinna hefur verið í kringum íþróttamiðstöð í nóvember þar sem forstöðumaður í afleysingum fór í veikindaorlof og ráða þurfti í hans stað auk þess sem fleiri ráðningar stóðu fyrir dyrum í íþróttamiðstöð þar sem annar starfsmaður hafði sagt upp störfum. Eftir heilmikla yfirlegu, auglýsingar og úrvinnslu hefur tekist að ráða í allar lausar stöður og er íþróttamiðstöðun nú undir styrki stjórn Birnu Karenar Bjarkadóttur fram til loka janúar. Að sama skapi hefur mikið kapp verið lagt á ráðningar í leikskóla þar sem hefur verið mikið álag og mannekla. Starfsfólkið þar hefur staðið sig fádæma vel undir miklu álagi en vonandi fer álag nú að jafnast út. Þar er þó ein ráðning eftir í 100% starf svo að gott þyki og jafnvægi komist á vinnuálag. Viðbygging við leikskólann hefur gengið vel og er á áætlun. Ekki hefur náðst að koma net- og tölvumálum í grunnskólanum viðunandi horf enn sem komið er en áfram er unni í því. Fulltrúar frá Orkusölu komu færandi hendi í mánuðinum og gáfu sveitarfélaginu rafbílahleðslustöð. US nefnd hefur það með höndum að finna hleðslustöðinni staðsetningu. Vinnufundur var haldinn vegna stefnumótunarvinnu Thorp. Töluvert álag hefur verið í nóvember vegna stjórnarstarfa bæði í AtVest og BsVest. Í tilefni af Ungmennanþingi sem haldið var í Strandabyggð tóku starfsmenn á skrifstofu sig til og leistu starfsmenn á leikskóla af í hádegi þann dag sem þingið var haldið svo þeir gætu mætt til þingsins. Var það bæði gott og skemmtilegt og tókst mjög vel.

Í desember heldur vinna áfram við fjárhagsáætlun auk þess sem búast má við töluverðum erli í kringum AtVest og BsVest og ferðum á Ísafjörð af þeim sökum.

Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Í nóvember var klárað að setja upp þakkassann á félagsheimilið ásamt því að klára þakið á íþróttarhúsinu, einungis eiga þeir sem sáu um að bræða pappann eftir að koma og klára verkið sem ekki var hægt að gera út af veðri og eru þeir væntanlegir vonandi sem fyrst. Eins var sett upp nýtt tæki í Flosabóli ásamt því að unnið var við að skipta um varmaskipti og fl þar.

Eins höfum við verið að vinna við að setja nýjan brunahana ásamt því að tengja hús við útrás á höfðanum, lentum í stíflulosun við Höfðagötu 3 sem var svolítið erfið viðureignar en það hafðist fyrir rest.

Bátarnir hafa landað hér í nóvember 239 tonnum á fiskmarkaðinn og ennþá er hjá okkur aðkomu bátur Tryggvi Eðvarðs SH 2 og landaði hann rúmum 115 tonnum í nóvember. Silver Fjord kom með rækju fyrir Hólmadrang 207 tonn. Bílar með rækju fyrir Hólmadrang koma reglulega en var samt með minna móti í nóvember vegna vinnslu stöðvunar hjá Hólmadrangi.

Í vatnsveitu er búið að skipta um perur í geislunartækjum og höfum við sett ný inntök í 2 hús.

Búið er að stækka geymslusvæðið fyrir ofan Hnitbjörg en það á eftir að merkja ný stæði en hvet samt þá sem vilja pláss þar til að hafa samband við okkur í áhaldahúsinu.

Frá skrifstofustjóra - Salbjörg Engilbertsdóttir

Fjárhagsáætlun var tekin fyrir í fyrri umræðu 8. nóvember og var unnið í henni fram að því, einnig voru haldnir 2 vinnufundir með sveitarstjórn. Restin af mánuðinum fór í að færa bókhald í september og október og afstemma. Við fengum kynningarfund um DK bókhaldskerfið og ákváðum í framhaldinu að kaupa það kerfi á nýju ári og hefja innleiðingu í desember 2016. Nýtt ár verður því alfarið fært í nýtt kerfi. Ég var í leyfi í nokkra daga í lok nóvember.

Félagsheimili

Leikfélagið var með sýningar á Blessuðu barnaláni í nóvember og gekk það mjög vel. Sýningin vel heppnuð og nýtt form var prófað á uppsetningu þannig að gestir voru á sviðinu og leikarar við sviðsbrún, þetta kom vel út f. hljóðið, sérstaklega þar sem erfitt hefur alltaf verið með hljóðvinnslu í húsinu.

Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir

Félagsmálastjóri fór á haustfund félagsmálastjóra 3. Og 4. Nóvember.

Þann 11. nóvember var fjölskyldufundur á Greiningarstöð með einni stórfjölskyldu vegna barns frá Hólmavík.

Þann 16. Nóvember var fundur í Öldungaráði Dala og Reykhólahrepps. Öldungaráð er nýr vettvangur milli sveitarstjórna og eldri borgara í sveitarfélögunum. Nokkur sveitarfélög á landinu hafa þegar skipað öldungaráð en fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um að skylda verði að stofna öldungaráð í hverju sveitarfélagi. Ræða mætti þann möguleika á Ströndum að hafa sameiginlegt öldungaráð með Dölum og Reykhólahreppi.

Talsverður tími fór í fjárhagsáætlun í mánuðinum.

Ný húsnæðislög hafa tekið gildi og er verið að taka upp húsnæðisbótakerfi. Félagsmálastjóri sér um sérstakar húsaleigubætur en þegar nýja kerfið tekur gildi falla þær niður en í þeirra stað kemur sérstakur húsnæðisstuðningur og er félagsmálastjóri að undirbúa þá breytingu.

Annars hefur félagsmálastjóri unnið í einstaklingsmálum á sínu svæði eins og aðra mánuði.

Frá forstöðumanna Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir

17. Nóvember var skipt um Varmaskiptir fyrir sturturnar. Gamli Varmaskiptirinn var farinn að leka.

Búið er að ráða í 100% stöðuna sem var auglýst. Og var Gústaf Hrannar Magnússon ráðinn í hana.

Búið er að ráða í 75% stöðuna sem var auglýst. Og var Magnús Ingi Einarsson ráðinn í hana. Og hóf hann störf 5. Desember.

Vinnueftirlitið kom 11. Nóvember og tók út ketilhús. Ekki voru gerðar neinar athugasemdir.

Vestraæfing. Sameiginleg æfing í knattspyrnu 4.flokks karla frá Ísafirði, Bolungarvík, Reykhólum og Hólmavík var haldin 19. – 20. Nóvember. Föstudag og laugardag. Strákarnir voru 12. Þetta gekk mjög vel og var mikil gleði með helgina.

Flosaból fékk á dögnum gefins nýtt líkamsræktartæki. Tækið heitir Concept2 SkiErg og er frábært alhliða skíðatæki. Þeir sem gáfu það eru Magnús Steingrímsson, Ragnar Bragason, Rósmundur Númason, Vignir Pálson og Kristján Tryggvason. Og viljum við þakka þeim kærlega fyrir.

Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir

Ágúst Þ. Jónsson byrjaði hjá okkur 5.des. og starfar í eldhúsi og við ræstingar. Ekki hefur enn tekist að ráða starfsmann í 100% starf, auglýsa þarf einu sinni enn.

Sara Jóhannsd. hefur verið hjá okkur frá 14.nóv. og verður fram að jólum. Sigfús Jónsson kemur til okkar í jólafríinu sínu og byrjar 15.des. og verður fram að áramótum.

Í lok nóvember og í desember er/var margt um að vera, Vanessuhátíð – þar sem safnað var fyrir styrktarbarninu okkar í Zimbabwe, jólaföndur með foreldrum, piparkökubakstur, jólarúntur- þar sem elstu börnin velja jólahús Hólmavíkur og veita viðurkenningu, kaffihúsa heimsókn - kakó og piparkökur á Riis, náttfata- og bíódagur, söngur þann 15.des í kaupfélaginu og jólaball þann 16.des.

Okkur til mikillar ánægju er vinnu við fyrsta áfanga viðbyggingar lokið og er hún eins og sagt er fokheld.

Samstarf leikskólanna í Húnavatnssýslum við Lækjarbrekku heldur áfram í þróunarverkefninu „Málþroski og læsi – færni til framtíðar“ og er gaman að segja frá því að grunnskólar bæði í Austur og Vestur Húnavatnssýslum eru að byrja vinnu með sínum leikskólum. Þetta samstarf leikskólanna í sýslunum þremur er brautriðjendastarf þar sem fleiri en eitt sveitarfélag ráðast í svo stórt verkefni er viðkemur málþroska og læsi barna frá byrjun leikskólagöngu.

Frá skólastjóra Grunn- og Tónskólans – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Október

Óvenju margir viðburðir utan hefðbundinnar kennslu voru í skólanum í október og þó margt sé í boði og sitthvað um að vera má alls ekki vanmeta hið mikilvæga og fjölbreytta starf sem á sér stað á hverjum degi en verður þó ekki talið upp hér.

3. október var leikverkið Eldbarnið sýnt í Félagsheimilinu á vegum verkefnisins List fyrir alla. Sýningin var í boði fyrir nemendur í 5.-7. bekk og nemendur frá Drangnesi og Reykhólum mættu líka á sýninguna.

7. október fóru kennarar á haustþing á Hvammstanga og 10. október heimsótti Bergmann Guðmundsson formaður KSNV félaga sína á Hólmavík.

12. Forvarnardagurinn í 8.-10 bekk var 12. október og sama dag komu fulltrúar Rauða krossins með kynningu til nemenda í 5. – 7. bekk

13. október kom svo Fjármálavit og var með fyrirlestur og fræðslu í Hnyðju fyrir nemendur í 8.-10. bekk á Hólmavík og Reykhólum.

18. október kom Þjóðleikhúsið við í Félagsheimilinu og bauð fimm ára nemendum leikskólans og sex og sjö ára nemendum grunnskólans á leiksýninguna: Lofthræddi örninn hann Örvar.

21. október fóru nemendur á unglíngastigi á Íþróttahátíð Grunnskólans í Bolungarvík eldsnemma að morgni og gerðu sér glaðan dag við hvers kyns íþróttaiðkun fram á kvöld.

25. október mætti fulltrúi Landsbyggðarvina og kynnti verkefni samtakanna fyrir nemendum og kennurum í 8.-10 bekk.

27. október setti Félagsmiðstöðin OZON um draugahús í skólanum og bauð fólki að styrkja starfsemina.

28. október fóru nemendur og starfsfólk á Drangnes og tóku þar þátt í TABÚ deginum og fengu fræðslu um fatlanir og fordóma.

Skólastjóri sótti fundi vegna fjárhagsáætlanagerðar og fræðslunefndar auk funda með samstarfsfólki.

Heilbrigðisskoðanir á börnum í nokkrum bekkjum fóru fram á Heilbrigðisstofnun

Framundan er samtalsdagur foreldra, nemenda og kennara 5. nóvember, vetrarfrí, iðnkynning og vísindabemadagar í lok mánaðar

Nóvember

7. nóvember var samtalsdagur nemenda, foreldra og kennara og var mæting góð. Fyrir fundinn var fyllt út leiðsagnarmat sem opnað var í namfus.is þar sem farið var yfir frammistöðu hvers nemanda í hverju fagi fyrir sig. Nemandi og foreldri/ar fylltu leiðsagnarmatið út saman og kennari sér.

14. og 15. nóvember var vetrarfrí

23. nóvember var Ungmennabing á Café Riis fyrir fólk á aldrinum 13 – 25 ára og þangað mættu allir nemendur unglingsdeildar auk tveggja starfsmanna á sama aldursbili.

30. nóvember -2. desember voru vísindabemadagar í skólanum og var heilmikil vinna lögð í að gera þá sem fjölbreyttasta. Nemendum var skipt í þrjá hópa sem unnu á þremur stöðvum hvern dag. Þeir settu fram tilgátu, framkvæmdu tilraunir, skráðu niðurstöður og skiluðu skýrslum. Námsmat verkefnisins var sjálfsmat nemenda eftir hverja vinnustund. Nemendur gerðu ýmsar tilraunir mældu vigtuðu og blönduðu saman efnum og skoðuðu smádyr í smásjá og víðsjá. Elstu nemendurnir krufðu mýs á meðan þeir yngstu bjuggu til snjólistaverk og nemendur á miðstigi gerðu tilraunir með rými. Eldri nemendur spiluðu bridge og félagsvist og þeir yngri lærðu peðaskák. Allir bjuggu til geimskutlu og lærðu um loftþrýsting, gerðu tilraunir með rafmagn og skynjun. Næstum öllum fannst græni hafragrauturinn vondur og allir lærðu að skrifa og segja nokkrar setningar á frönsku, þýsku og hebresku og unnu með sjávarfang. Kennarar kenndu það sem þeir ekki gera venjulega og frábærir gestakennarar mættu í skólann síðasta daginn Johanne Verbockhaven, Hisham Mansri, Jón Trausti Guðlaugsson, Pétur Matthíasson og Þórólfur Guðjónsson

Grunnskólakennarar sem hafa verið án kjarasamnings í um hálf tveggja árum gengu út úr skólanum 22. nóvember og var sú aðgerð liður í kjarabaráttu þeirra. 29. nóvember var svo skrifað undir kjarasamning sem verður kynntur í byrjun desember og kosningu lýkur 12. desember. Tónlistarkennarar hafa einnig verið samningslausir í rúmt ár.

Forritunarnámskeið Kóder fyrir börn og unglinga var haldið í skólanum síðustu helgina í nóvember að frumkvæði tómstundafulltrúa.

Magnús Baldursson sálfræðingur var með viðtalstíma 29. nóvember og nemendur tveggja bekkja fóru í heilbrigðisskoðun til Önnu Guðlaugsdóttur hjúkrunarfræðings á heilsugæslustöð.

Tveir nýir nemendur bættust í hópinn og eru þá 58 samtals

Framundan er desember og undirbúningur fyrir tónleikahald Tónskólans og Litlu jólin.

Frá tómstundafulltrúa – Íris Ósk Ingadóttir

Skólaskjól – Í lok október byrjaði samstarf Íþróttamiðstöðvarinnar, grunnskólans og tómstundafulltrúa þar sem starfsfólk úr grunnskólanum fylgir börnum úr 1.-4. bekk á Geislaevingar í Íþróttahúsinu. Í Íþróttahúsinu er síðan hægt að fá síðdegishressingu eftir æfingu en það þarf að greiða fyrir hana og er enginn að nýta þá þjónustu í dag. Hefur þetta samstarf og þessi þjónusta gegnið vel hingað til fyrir utan hindranir sem koma þegar við lítum til þeirra barna sem þurfa stuðning. Við höfum unnið í samstarfi við félagsmálastjóra til að finna bestu leið til að þjónusta þeim börnum sem þurfa stuðning eins vel og öðrum börnum. Hindranir hafa falist í því að finna hvar ábyrgðin liggur og hver eigi að sinna þjónustu eftir að formlegt skólastarf lýkur. Hef ég rekist á að í frítímaþjónustu vanti skýrari reglur hér í sveitarfélaginu hvernig eigi að þjónusta og hvaða rétt á þjónustu börn eigi að fá sem þurfa stuðning. Út frá þeim upplýsingum sem ég hef aflað er hægt að líta til Reykjavíkur en þeir eru komnir mun lengra með að setja upp vinnuferli þegar þjónusta er börn sem þurfa stuðning og móta sérþjónustu fyrir þessi börn. Önnur sveitarfélög fyrir utan höfuðborgarsvæðið eru ekki að sinna þessu málefni vel og ekki hef ég fengið upplýsingar um hvernig þessu er háttað annarsstaðar þegar ég hef sóst eftir því nema að því sé ekki sinnt. Að ekki sé til formlegar reglur um hver ber ábyrgð að þjónusta þessi börn í frítímaþjónustu veldur því að við erum að skerða lífsgæði þessara barna í samanburði við jafnaldra þeirra. Þetta er eitthvað sem sést skýrt í félagsmiðstöðvarstarfinu og fylgdinni í vetur.

Félagsmiðstöðin Ozon – Félagsmiðstöðvardagurinn var 2. nóvember og er hann haldinn árlega til að vekja athygli á mikilvægi félagsmiðstöðvarstarfs. Í ár var ákveðið að vekja athygli á fólkinu á bak við tjöldin, starfsfólkinu. Það var ákveðið að fara í stóra markaðsherferð til að vekja athygli á því að í félagsmiðstöðvum vinnur fagmenntað fólk sem

sinnir mjög mikilvægu starfi í samfélaginu. Þetta var ákveðið að gera vegna mikils fjársskorts í félagsmiðstöðvarstarfi. Ég og Esther tókum þátt í verkefninu og sendum myndir af okkur sem verða hluti af mörgum myndum af starfsfólki sem verða birtar í samstarfi við 365 miðla á næsta ári.

Undankeppni Vesturland í söngvakeppni félagsmiðstöðva mun vera haldin í Strandabyggð 2.febrúar. Allar félagsmiðstöðvar Vesturlands munu því koma hingað, keppa í söng og skemmta sér á balli.

Fyrsta Ungmennabing Strandabyggðar var haldið 23. nóvember og mættu rúmlega 30 ungmenni á aldrinum 13-25. Við eigum að vera mjög stolt af þessu þingi því það sýnir að við teljum ungmenninn okkar vera mikilvægur partur af okkar samfélagi. Þetta Ungmennabing er líka vonandi fyrsta skrefið til að efla áhuga ungmenna á sveitarfélagsmálefnum. Fyrsta ungmennaráðs Strandabyggðar sem mótað er af ungmenum hefur því verið myndað. Næsta skref verður að bjóða ungmennin velkomin í nefndir sveitarstjórnar og hlakka ég til öflugs samstarfs við ungmennaráð og sveitarstjórn í framtíðinni.

Landsþing Ungmennahúsa verður haldið í Strandabyggð 20.-22. janúar og eigum við þá von á 30 ungmenum í heimsókn. Þar verður rædd starfsemi ungmennahúsa og hvernig hægt sé að efla þá starfsemi.

Ég fór til Finnland og Eistlands vikunda 7.-11. nóvembers á vegum Evrópa Unga fólksins ásamt 10 öðrum Íslendingum. Ferðin snérist um að kynnst starfi ungmennaráða í Finnlandi og Eistlandi. Einnig að kynnst öðru starfsfólki á Íslandi sem sinnir starfi með ungmennaráði. Þetta var mjög skemmtileg ferð og mjög fróðleg. Það sem var mest skoðað og rætt var fjármagn til ungmennaráða, samstarfs stjórnámálanna og ungmennaráða og stöðu ungmennaráða í stjórnsýslunni. Margt var mjög svipað í starfinu úti og hér heima en svo annað sem var mjög ólíkt. Úti er búið að móta sterkara samstarf í kringum ungmennaráðin og þau eiga fastan sess í fjárlögum þar sem ungmennin sjálf fá fjármagn sem þau mega stýra sjálf í sínu starfi. Að virkja ungmennin og að fá skilning fullorðna gagnvart mikilvægi ungmennastarfs var mjög svipað og hér heima og engin með töfra lausnina á því hvernig eigi að sinna því. Þetta eru aðeins tvær staðreyndir sem ég vann úr ferðinni en ég gæti skrifað endalaust um þessa ferð svo ef þið viljið vita meira hvet ég ykkur endilega að hafa samband.

Í nóvember var í boði forritunarnámskeið fyrir börn og ungmenni á vegum Kóder. Námskeiðið var mjög vel sótt og hef ég aðeins heyrt neitt ánægju með námskeiðið.

Frá Slökkviliðsstjóra – Einar Indriðason